2. skólaráðsfundur Seyðisfjarðarskóla

Fundurinn var haldinn 5. desember 2022 í kaffistofu Gamla skóla og hófst kl. 16.15. Mættir voru: Arna Magnúsdóttir fulltrúi foreldra leikskólans, Guðrún Ásta Tryggvadóttir fulltrúi kennara grunnskólans, Guðrún Vilborg Borgþórsdóttir fulltrúi annars starfsfólks grunnskólans, Jóhanna Magnúsdóttir fulltrúi foreldra grunnskólans, Urður Arna Ómarsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskólans, Heimir Loftur og Úlfur Elí fulltrúar nemenda og Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði Þórunn Hrund

1. Legó – keppnin. Legó keppnin var haldin í Reykjavík 19. nóvember. Lið Seyðisfjarðarskóla stóð sig með mikilli prýði, var í toppbaráttu allan tímann og endaði í 2. – 3. sæti. Frábær árangur. Nemendur voru einnig til fyrirmyndar í ferðinni, voru jákvæður, glaður og flottur hópur allan tímann.
2. Starfið framundan. Nú þegar desember er genginn í garð er skólastarfið á öllum deildum farið að litast eitthvað af jólaundirbúningi, þó áherslan sé lögð á að hafa aðventuna rólega. Jólatónleikar tónlistarskólans verða haldnir 15. desember í kirkjunni en einnig eru tónlistarskólanemendur að spila á fleiri stöðum í desember, m.a. leikskólanum og hjúkrunarheimilinu Fossahlíð. Leikskólinn er með fasta liði í desember, s.s. fela jólasveinana, kakóheimsókn á Ölduna, gerðar eru piparkökur sem börnin skreyta með foreldrum sínum, elstu nemendur heimsækja Fossahlíð o.fl. Grunnskólinn er með aðventudagatal, starfsfólk er með jólalestur, farið í jólaljósagöngu, farið í útikennslustofuna, jólatónlist í hádeginu og fleira. Litlu jólin eru síðan hjá öllum 20. desember.
3. Litlu jólin. Litlu jólin verða haldin 20. desember. Þau verða með hefðbundnum hætti í þetta sinn eftir 2 ár í skugga covid.
4. Skólabygging. Skólastjóri greindi frá því að búið er að setja á laggirnar starfshóp um byggingu nýs skóla, gert er ráð fyrir að fyrsti fundur hópsins verði haldinn fljótlega á nýju ári.
5. Starfsmannamál. Staðan í starfsmannamálum leikskólans er ennþá ekki nógu góð. Ekki hefur tekist að ráða í stöðu aðstoðarskólastjóra þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Einnig vantar a.m.k. einn leikskólakennara þar sem einn starfsmaður lætur af störfum um áramót. Þá hafa miklar veikindafjarvistir í starfsmannahópnum haft áhrif og hefur þurft

að senda börn heim í tvígang. Skólastjóri segir frá því að verið er að vinna í því á öllum vígstöðvum að leysa þessi mál; eins og hlutirnir líta út í dag er útlit fyrir að staðan verði betri á næstu vikum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.20

Þórunn Hrund Óladóttir